

Jarðfræðirannsókn Íslands

HEIMKOMA dr. Sigurðar Þórarinssonar, sem þegar hefir sýnt að hann er mjög efnilegur jarðfræðingur, minnir mig á að jeg hafði ætlað mjer að skrifa nokkur orð um stofnun sem nauðsynlegt er að koma á fót, og gæti heitið Jarðfræðirannsókn Íslands. Húsnæði mætti ætla þeirri stofnun í hinni fyrirhuguðu byggingu náttúru- safnsins. Ef Íslendingar vilja vera eins sjálfstæð menningar- þjóð og þarf, mega þeir ekki í jarðfræðiefnum láta sitt eftir liggja, eins og verið hefir hing- aðtil. Því að varla verður sagt að það sje meir en byrjunar- verk, sem unnið hefir verið í jarðfræðirannsókn landsins enn þá. Að vísu er óhætt að segja, að ekki hefir skort áhuga hjá hinum eldri mönnum sem við þetta hafa fengist; en ástæður hafa í alla staði verið of fátæk- legar. Nú eru hjer einmitt til nokkrir velmentaðir ungir menn, sem þurfa að geta haft jarðfræðirannsókn landsins að

aðalstarfi; og enn kemur mjer í hug maður, Jakob Línal frá Lækjamóti, sem þegar hefir unn- ið gott verk í þeim efnum, og mjög eftirtektarvert, og telja má víst að vinna mundi vilja eitthvað að rannsóknunum í sam- bandi við slíka stofnun sem hjer er höfð í huga, enda gæti þá orðið meira ágengt en í einangr- uninni. Vitanlega mundi slík stofnun kosta talsvert, enda engin ástæða til að starfsmenn hennar hefðu ekki viðunandi laun. En jeg tel vafalaust, að slík íslensk jarðfræðistofnun mundi fyr eða síðar svará kostu- aði, og jafnvel framyfir það. Og ef um byrjunarörðugleika væri að ræða, þá er ekki ástæðu- laust að vænta nokkurrar hjál- ar annarsstaðar að, ef þess þyrfti með, því að sem ná- kvæmust og best rannsókn í jarðfræði Íslands mundi hafa viðtækari þýðingu en einungis fyrir jarðepli og jarðsögu ey- lands þessa sem vjer byggjum.

3. mars.

Helgi Pjetursson